358. fundur Afrekssjóðs ÍSÍ

29. september 2026 kl. 12.00

Mætt öll á Teams

Stjórn: Þórey Edda Elísdóttir formaður (ÞE), Stefán Jóhannesson(SJ), Birna Lárusdóttir (BL), Kári Mímisson (KM).

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Daníel Jakobsson (DJ),

1. **Úthlutun 2027: Breytingar á reglum, árangurskvarða, viðmiðum/áherslum**
   Í framhaldi af síðasta fundi stjórnar ASJ tók KSR saman tillögur af breytingum á kvarða og viðmiðum. Fékk stjórnarfólk tillögurnar til skoðunar fyrir fundinn. KSR fór yfir glærur sem yrðu til kynningar fyrir sérsamböndin á kynningarfundi í næstu viku.

   Reglur Afrekssjóðs ÍSÍ
   Umræða fór fram um reglurnar. Engar breytingar eru gerðar á reglum Afrekssjóðs. Ekki talið rétt að breyta reglum núna heldur skoða áfram í kjölfar úthlutunar vegna 2027. Ýmsar útfærslur hafa verið ræddar í kjölfar funda með sérsamböndum. M.a. tveggja flokka kerfi, 10 þrepa kerfi, ABC kerfi líkt og var áður.
   Ákveðið var að vegna 2027 úthlutunar yrði áfram flokkað í tvo flokka, Afrekssérsambönd og Verkefnasérsambönd.

   Árangurskvarði
   Umræða fór fram um breytingar á árangurskvarða. Verulegt flækjustig væri að bera saman mótaraðir og heimslista enda mikill munur á þeim á milli íþróttagreina. Því var ákveðið að taka mótaraðir og heimslista úr beinum texta í árangurskvarðanum og meta frekar hverju sinni.

   Viðmið
   Umræða fór fram um breytingar á fjárhæðum og viðmiðum. Ákvað stjórn að afreksþáttur er snýr að menntun þjálfara og dómara skyldi renna í eitt og opnað yrði á menntun annarra sérfræðinga er tengjast afreksstarfi s.s. leiðarsmiða og smurningsaðila.
   Stórmótastyrkur falli út. Mikil vinna fer í að yfirfara raunþátttöku allra stærri móta og bera saman við áætlanir.
   Styrkir vegna afreksþjálfara bætast við og koma í stað starfslauna til afreksþjálfara sem AMÍ veitti árið 2026.
   Margföldunarstuðull á áunnin lokamót á efsta þrepi verður hækkaður úr 1,5 í 2,0. Meiri fókus er þar með á þau mót í ferðastyrkjum (umfangi) í kjölfar þess að stórmótastyrkur fellur út.

Skerpt verður á 65% viðmiði sem segir að sérsambönd skuli ekki fá hærri styrk en 65% af heildarafrekskostnaði.
Miðað verður við að heildarstyrkur sérsambanda lækki ekki meira en sem nemur 20% á milli ára í stað 25% áður.

Árangur liða í einstaklingsgreinum
Umræða fór fram. Hjá þó nokkrum sérsamböndum er árangur liða í einstaklingsgreinum farinn að vigta verulega og stundum jafnvel meira en árangur einstaklinga. Ákveðið að taka tillit til árangurs liða en það yrði að skoða hverju sinni þar sem keppnisfyrirkomulag og samkeppni er mjög mismunandi milli greina.

Einstaklingsstyrkir
Umræða fór fram um hvort einstaklingsstyrkir gætu runnið til hópa en ekki beint til ákveðinna einstaklinga. Nokkur sérsambönd hafa óskað eftir því. Ákveðið að skoða þegar að því kemur ef óskað verður eftir slíku.

Lengd úthlutunar
Umræða fór fram um lengd úthlutunar. Stjórn var sammála um að stefnt yrði að því að úthluta til tveggja ára til að auka fyrirsjáanleika.

Umsóknarferlið
KSR upplýsti að kynningarfundur yrði haldinn með sérsamböndum þann 1. október um umsóknarferli vegna úthlutunar úr ASJ 2027.
Í framhaldinu yrði sérsamböndum send umsóknareyðublöð.
Stefnt yrði að umsóknarferlinu lyki 18. október. Drög að úthlutun yrðu send sérsamböndum 27. október og úthlutun staðfest af framkvæmdastjórn 18. nóvember.

ÞEE yfirgaf fundinn kl. 13.20.
BL yfirgaf fundinn kl. 13.30.

Ákveðið að KSR sendi stjórn lokaútgáfu kvarða í samræmi við umræður.

2. Önnur mál
Engin önnur mál.

Gert er ráð fyrir að næsti fundur verði í næstu viku.
Fundi slitið kl. 13.40